

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 5/1955. **Konráð Ó. Sævaldsson**

gegn

Jóni Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál, Krafa um frest. Um varnir í víxilmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1954, er hingað barst 12. þ. m. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið þegar í stað til flutnings og dóms. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur haldið því fram í aðalmálinu, að hann hafi samþykkt og afhent víxil þann, sem í málinu greinir, til greiðslu á andvirði verðmætis, er hann hafi keypt af nafngreindum manni. Síðar hafi komið í ljós, að hann hafi verið blekkur um kaup þessi, og hafi sóknaraðili átt þátt í því, að honum var villt sýn um verðmæti það, er hann keypti. Vörn þessi kemst ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Jón Sigurðsson, greiði sóknaraðilja, Konráði Ó. Sævaldssyni, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. desember 1954.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. þ. m., hefur Konráð Ó. Sævaldsson, Austurstræti 14, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 22. f. m. gegn Jóni Sigurðssyni kaupmanni, Ás-

vallagötu 1, hér í bæ, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 6.637.34 með 6% ársvöxtum frá 24. september s.l. til greiðsludags, stimpil- og afsagnarkostnaðar og $\frac{1}{8}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun auk málskostnaðar.

Skuld þessi er samkvæmt vixli, útgefnum af stefnanda 24. júní s.l., en samþykktum af stefnda til greiðslu í Iðnaðarbankanum hér í bæ 24. september s.l.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar að skaðlausu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi sé ekki löglegur eigandi hins umstefnda víxils, sem sé þannig til kominn, að stefndi hafi 24. júní s.l. gert samning við Sigurð Ellert Jónsson um kaup á svonefndri Vesturbæjarbúð, hér í bæ, og hafi stefnandi máls þessa annazt þá samningsgerð. Eina greiðslan við undirritun nefnds samnings hafi verið sú, að stefndi skyldi taka að sér að greiða persónulega skuld nefnds Sigurðar E. Jónssonar við stefnanda þessa máls, og hafi hann, þ. e. stefndi, þá samþykkt vixil þenna. Að kveldi sama dags kveðst stefndi hafa orðið þess áskynja, að seljandi hafði selt honum ýmislegt, sem hann ekki átti. Kveðst hann hafa lýst yfir því næsta dag, að hann teldi sig óbundinn af nefndum samningi, og jafnframt krafizt þess, að hinn umstefndi víxill yrði afhentur sér, en þeirri kröfu hafi stefnandi vísað á bug. Var mál þetta síðan kært til sakadómara, og er rannsókn í því ekki lokið. Telur stefndi, að samkvæmt framansögðu sé stefnandi mala fide og sé honum því óheimilt að beita víxilréttinum.

Mál þetta var þingfest 26. október s.l. Í því þinghaldi fékk lögmaður stefnda frest til 2. f. m. til ritunar greinargerðar. Í þinghaldi þann dag fékk lögmaður stefnda enn frest í sama skyni til 9. f. m., en þann dag lagði hann fram greinargerð í málinu. Fengu lögmenn aðilja síðan sameiginlegan frest til öflunar gagna til 16. f. m. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði lögmaður stefnda eftir fresti til 11. janúar n. k., þar sem útilokað væri, að sakadómari hefði lokið rannsókn í málinu fyrr. Lögmaður stefnda mótmælti frekari fresti og studdi þau mótmæli þeim rökum, að varnir þær, sem stefndi hefði uppi í málinu, mættu ekki komast að í því. Var atriðið þá tekið til úrskurðar að kröfu lögmanns stefnda. Með úrskurði uppkveðnum 20. f. m. var málinu frestað til 14. þ. m. á þeirri forsendu, að ekki var talið útilokað, að rannsókn sú hjá sakadómara, sem að framan getur, gæti haft þýðingu varðandi úrslit þess. Í þinghaldi 14. þ. m. fór lögmaður stefnda fram á frest til 25. janúar n. k., þar sem sakadómari hefði ekki lokið rannsókn í málinu. Lögmaður stefnanda synjaði um frekari frest af sömu ástæðu og áður getur. Var þá atriðið tekið til úrskurðar ex officio.

Telja verður, að lyktir framangreindrar rannsóknar hjá sakadómara geti haft þýðingu fyrir úrslit málsins. Með tilliti til þess og

með vísun til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt að taka frestbeiðni stefnda til greina.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Málinu er frestað til 25. janúar n.k.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 172/1954. **Ewald Berndsen**

gegn

Péttri Þorsteinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ewald Berndsen, sem eigi sækir dómping í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 194/1954. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**

gegn

Guðjóni Jónssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, sem eigi sækir dómping í málinu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.